

Fundargerð

Aðalfundur foreldraráðs Menntaskólans við Hamrahlíð haustið 2017

Helga Viðarsdóttir formaður foreldraráðs MH setti fundinn. Á fundinn mættu Halla Sigrún Arnardóttir meðsjórnandi foreldraráðs MH, Fríður Reynisdóttir náms- og starfsráðgjafi, Bóas Valdórsson sálfræðingur ásamt ca. 30 foreldrum- og forráðamönnum nemenda við MH

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar fyrir veturinn 2016-2017.

2. Kosning nýrrar stjórnar.

3. Önnur mál.

Kaffi

4. Kynning á stoðþjónustu MH. Fríður Reynisdóttir náms-og starfsráðgjafi og Bóas Valdórsson sálfræðingur.

Skýrsla stjórnar

Helga Viðarsdóttir kynnti skýrslu stjórnar.

Aðalfundur foreldraráðs var haldinn 4. október í fyrra. Á dagskrá fundarins var kynnt skýrsla stjórnar og kosið var um nýja stjórn.

Foreldraráðið hittist svo nokkrum sinnum yfir veturinn. Það kom ekkert upp á um veturinn og fékk foreldraráðið engin erindi frá foreldrum. Það var ekkert verkfall eða annað sem hafði áhrif á starfsemi skólans.

Stjórnin var skipuð þeim Helgu Viðarsdóttur sem er formaður stjórnar, Höllu Sigrúnu Arnardóttur sem einnig er áheyrnarfulltrúi í skólanefnd, þá voru þeir Hrannar Jónsson og Pétur Petersen einnig í stjórn félagsins.

Á heimasíðu MH má finna upplýsingar um hverjir skipa foreldraráð skólans ásamt upplýsingum um markmið og starfsreglur foreldraráðsins.

Foreldrafélagið átti í áframhaldandi samstarfi við foreldraráð Kvennaskólans síðasta vetur og haldinn var með þeim fyrirlestur fyrir foreldra í Kvennaskólanum á vorönn. Matti Ósvald Stefánsson hélt fyrirlesturinn “Að efla ungling” sem fjallaði almennt um samskipti við ungt fólk. Árið áður hafði Anna K. Steinsen haldið fyrirlestur í MH og fjallaði um álag á ungt fólk sem getur valdið kvíða og streitu.

Helga sagði frá því að stefnan væri að halda fyrirlestur í MH í vetur og hugmyndin sé að fá Þorgrím Þráinsson til að segja frá hvernig við getum stutt börnin okkar og hvatt þau áfram.

Helga sagði frá facebook síðu foreldrafélagsins (MH foreldrar og forráðamenn) og hvatti fólk til þess að taka þátt í starfi foreldraráðsins.

Að lokum fór Helga yfir tilgang og markmið ráðsins:

Tilgangur ráðsins og markmið eru:

Tilgangur ráðsins er að stuðla að auknum gæðum skólans og leitast við að bæta jafnt almenn skilyrði og aðstæður einstakra nemenda til menntunar og almenns þroska. Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því meðal annars:

- Að stuðla að aukinni vitund foreldra/forráðamanna um forsjárskyldur sínar og þekkingu þeirra á réttindum og skyldum sínum og barna þeirra.
- Að efla samstarf milli foreldra um málefni sem varða velferð, menntun og þroska nemenda.
- Að vera vettvangur samstarfs og samráðs foreldra og forráðamanna nemenda.
- Að auka sýnileika og nánd foreldra/forráðamanna sem veiti yfirvöldum, skólastjórnendum, kennurum og nemendum stuðning í skólastarfinu.
- Að stuðla að góðu samstarfi foreldra og forráðamanna, nemendafélaga og starfsfólks skólans.
- Að skapa farveg fyrir samskipti við stjórnendur skólans um málefni og hagsmuni ólögráða nemenda sérstaklega, bæði gagnvart námsaðstæðum og þjónustu af hálfu skólans.
- Að hvetja til aukins stuðnings og hvatningar foreldra/forráðamanna við börn sín og nám þeirra.
- Að vera bakhjarl skólans og auka áhrif foreldra/forráðamanna sem hagsmunahóps um bættan hag og stöðu skólans.

Stoðþjónusta MH kynnt

Þau Bóas og Fríður fóru yfir stoðþjónustu skólans og var því mjög vel tekið á fundinum. Margar spurningar komu um starf Bóas við skólann og hvernig nemendur almennt tóku í og nýttu sér sálfræðiþjónustuna. Einnig komu margar spurningar um val fyrir næstu önn sem nemendur eiga að skila í þessari viku en Fríður sagði frá þjónustu námsráðgjafa við skólann. Fríður sem starfar einnig sem forvarnarfulltrúi við skólann fór yfir þær verklagsreglur sem í gildi væru í þeim málum. Hún hvatti foreldra til að:

- leyfa ekki eftirlitslaus party
- kaupa ekki áfengi fyrir nemendur
- sækja nemendur eftir skólaböll

Við skólann starfar einnig geðhjúkrunarfræðingur, Andrea Ásbjörnsdóttir.

Mikil ánægja var á fundinum með stoðþjónustur skólans.

Hægt er að hafa samband við þau Fríði, Andreu og Bóas og leita aðstoðar með atriði sem tengjast þeirra þjónustu bæði með því að panta tíma í gegnum síma skólans; 5955200 og með því að senda þeim tölvupóst; fridur@mh.is, andrea@mh.is og boas@mh.is